

**185** 6. nóvbr. þurfa, heldur myndi hitt vera nægilegt, að fela landshöfðingjanum, samkvæmt 2. grein auglýsingar frá 22. febr. 1875 um verksvið hans, að ráða úrslitum um lán af fje sjóðsins, eptir þeim reglum, sem ráðgjafinn setur viðvíkjandi trygging fyrir lánunum og þannig, að samþykki ráðgjafans útheimtisist að því, er snertir aðalupphæð fjár þess, sem hvert reikningsár má verja til lána úr viðlagasjóði gegn veði í fasteignum á Íslandi.

Þótt það eigi verði sjeð, að hin núverandi tilhögun, að senda bönarbrjefin um lán ráðgjafanum til úrslita, sje nokkrum verulegum vandkvæðum bundin, vill þó ráðgjafinn ekki mæla móti því, að lánunum af viðlagasjóði verði eptirleiðis hagað á þann hátt, sem landshöfðinginn hefir stungið upp á, en að öðru leyti er búizt við því, að fylgt verði hinum sömu reglum hjer eptir, sem hingað til, og að einkum sveitarfjelögum, almennum fyrirtækjum og stofnunum verði einnig eptirleiðis gefinn kostur á, að fá lán úr viðlagasjóði, með sömu kjörum og verið hafa.

**186** 6. nóvbr. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra landshöfðingi, í þóknalegu brjefi frá 14. f. m. veitir ráðgjafinn yður með skírskotun til brjefs síns frá í dag um að ávaxta fje viðlagasjóðsins, vald til á í hönd farandi vetri að veita lán af sjóði þessum, er alls nemi 15—20000 kr., og ber yður að gæta reglna þeirra, sem ákvednar eru að því, er tryggingu fyrir slíkum lánunum snertir.

Fyrir því er falið yður, herra landshöfðingi, að kveða á um bönarskrár þær, er hingað hafa borizt frá Guðmundi sýslumanni Pálssyni og Jóni sóknarpresti Benediktssyni, þar sem hinn fyrnefndi biður um 3000 kr. og hinn síðarnefndi um 1600 kr. lán og hafið þjer hinn 6. og 7. f. m. sent ráðgjafanum tillögur yðar þar um. Lætur því ráðgjafinn bönarskrá Guðmundar sýslumanns Pálssonar hjer með endursenda.

**187** 7. nóvbr. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um hinn lærða skóla.* — Eptir að hafa meðtekið þóknlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, frá 17. september þ. á. og fylgdi því ályktun beggja deilda alþingis um ýms atriði snertandi hinn lærða skóla, hefir ráðgjafinn allraþegnsamlegast lagt það til, að breytt yrði 7. grein í reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík frá 11. júlí 1877, og hefir það verið álitíð rjettast jafnframt að leitast við að fá ákvörðun skólareglugjörðarinnar um skiptingu skólans í 5 bekki, þar sem einn þeirra var tveggja ára bekkur, breytt í það horf, sem svarar til skiptingarinnar á 5. bekk í 2 eins árs bekki, sem komst á við byrjun þessa skólaárs, og hefir hans hátign konunginum síðan 1. þ. m. þóknast allramildilegast að fallast á uppástungur þær, sem ráðgjafinn hefir gjört hjer að lútandi, eins og sjá má af auglýsing þeirri, sem prentuð er í A. deild stjórntíðindanna 11. tölulíð.

Í sambandi við þetta vil jeg með tilliti til hinna annara athugasemda og til laga, sem herra landshöfðinginn hefir gjört í tjeðu brjefi, tjá yður það, sem nú skal greina, til þóknalegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Eins og ráðgjafinn, þegar á allt er litið, fellst á ráðstöfun þá, sem herra landshöfðinginn hefir gjört með tilliti til umsjónarinnar með skólanum, þannig er yður falið á vald, að samþykkja þær breytingar í ákvörðun þeirri, sem gjörð hefir verið með tilliti til umsjónarinnar yfir skólapiltunum, sem yður kynnu að virðast hentugar, eptir að candid. philol. Sigurður Sigurðsson hefir í haust verið settur kennari í

stað fyrirverandi skólakennara Jóns Sveinssonar. Eins fellst ráðgjafinn hjer með á uppástungu herra landshöfðingjans um, að umsjónin yfir skólabókasafninu og reikningshald skólans og prestaskólans, sem áður hefir hvorttveggja hvílt á hinum skipaða umsjónarmanni skólans, felist tiltölulega á hendur rektor og landfógetanum.

Þar sem það áður hefir verið í ráði að fá hinum nýja bekk, sem myndaðist, þegar 5. bekk var skipt í sundur, húsrúm í herbergi umsjónarmannsins að vestanverðu í skólalúsinu, hefir herra landshöfðinginn jafnframt því að geta þess, að þetta herbergi naumlega muni rúma fleiri en 10 skólapíltu, sem og að það nauðuglega verði tekið af bústað umsjónarmannsins, er ekki hefir nema 3 herbergi, leitað samþykkis ráðgjafans á leyfi því, sem þjer hafð gefið samkvæmt uppástungu yfirstjórnar skólans, til þess fyrst um sinn að nota alþingissalinn eða nokkurn hluta af honum fyrir lestrarstofu handa hinum nýja bekk. Um leið og ráðgjafinn hjer með veitir hið eptiöskta samþykki, skal þess að auki getið, að hlutast hefir verið til um það, að «magasin»-ofn sá, sem um er beðið í brjefi landshöfðingjans í hina nýju lestrarstofu, verði sendur út með Phönix í ferð þeirri, sem nú er fyrir höndum.

Með tilliti til þess, er þingsályktunin segir um takmörkun á tölu skólapíltu, hafð þjer, herra landshöfðingi, tekið fram, að inntaka píltu geti eptir eðli sínu ekki verið með öllu takmarkalaus, heldur að taka verði tillit bæði til húsrúmsins í skólanum, sem og til fjárveitinganna í fjárlögunum, og loksins, að hver einstakur kennsluflokkur eigi ekki að verða svo fjölmennur, að kennslan verði fyrir það vanrækt, og hafð þjer tekið það fram, að það sje einkum fyrsti bekkur skólans, sem hætt sje við að verði of fjölmennur um sinn, ef inntakan er látin ótakmörkuð, en að þjer að öðru leyti eruð á þeirri skoðun, að aðsókn að skólanum muni takmarkast af sjálfu sjer, og að þess vegna sje engin brýn nauðsyn á að setja ákveðin takmörk fyrir inntöku píltu í skólann.

Með því að hinn lærði skóli í Reykjavík er hin einasta kennslustofnun þeirrar tegundar á Íslandi, og með því að þar er veitt ókeyppis kennsla, verður ráðgjafinn að vera á sama máli og þjer, herra landshöfðingi, að ekki eigi að takmarka tölu þeirra, sem árlega er veitt inntaka í skólann, þar sem þannig kæmi fram ósanngirni við þá, er vildu fram yfir þessa tölu komast inn í skólann, og fullnægja skilyrðunum fyrir inntökunni. Ráðgjafinn er einnig samþykkur landshöfðingjanum í, að stærðin á lestrarstofunum og þarfir kennslunnar gjöri það nauðsynlegt að hafa gætur á því, að ekki sje of mörgum hrúgað saman í bekkinn, en ráðgjafinn getur ekki álitid það rjett, að láta tillit til þessara hluta í sameiningu við fjárveitingarnar í fjárlögunum ráða því að öllu leyti, hve mörgum af þeim píltum, sem staðizt hafa inntökupróf, skuli veitast inntaka í skólann, með því ráðgjafanum virðist ísjárvert að setja önnur skilyrði fyrir inntöku í skólann, en þau, sem skólareglugjörðin til tekur. Ef það skyldi reynast afleiðingin af því að veita viðstöðulaust inntöku í skólann, að einhver einstakur bekkur yrði of skipaður lærisveinum, en það gæti að eins endrum og sinnum komið fyrir, og þá að eins í fyrsta bekk, hlýtur ráðgjafinn að fela yður á vald að skipta slíkum bekk um stundarsaker í tvær deildir, þar eð gjöra má ráð fyrir, að alþingi, eptir því sem það hefir komið fram í þessu málefni, verði ljúft að samþykkja gjöld þau, sem slík skipting kynni að hafa í för með sjer.

Með tilliti til þess, að alþingi hefir látið þá ósk sína í ljósi, að inntökupróf við skólann fari fram um júní og júlí mánaðamót, í stað þess að það verði haldið, eins og nú á sjer stað, í byrjun skólaársins, hefir herra landshöfðinginn tekið það fram, að það megi álíta hagkvæmara að halda inntökuprófið í júní sökum þess, hvernig landshögum er hátt-

**187** 7. nov. að, og þess vegna lagt það til, að bending alþingis verði tekin til greina. Á þessa til-  
 lögu álitur ráðgjafinn, að sjer beri því heldur að fallast, sem það myndi ekki vera heppi-  
 legt, eptir að ákveðið er, að skólaárið skuli byrja 1. október, að til taka tímann til inn-  
 tókuprófsins þannig, að þeir piltar, sem ekki stöðust prófið, yrðu að ferðast heim í októ-  
 bermánuði, þó þeir væru langt að komnir. Þó þess vegna sje ákveðið, að inntókuprófið  
 verði hjer eptir haldið að öllum jafnaði í júnímánuði, má eins og herra landshöfðinginn hefir  
 stungið upp á, gefa yfirstjórn skólans vald til að leyfa sem undantekning, ef fleiri kom-  
 ast fyrir í viðkomandi bekk, að taka lærisveina inn í hann í byrjun skólaársins, og verð-  
 ur, þegar svo kemur fyrir, að gefa út um það nauðsynlega auglýsingu.

Að því, er að lyktum snertir tillögur alþingis um það, að nefnd verði sett til að  
 endurskoða og gjöra uppástungur um breytingar á skólareglugjörðinni frá 1877, hefir herra  
 landshöfðinginn orðið á sama máli og stiptsyfirvöldin um að láta það álit sitt í ljósi, að  
 sem stendur sje ekki ástæða til að gjöra slíka ráðstöfun, og í því tilliti hafið þjer tekið  
 fram, að þeir annmarkar, sem nefnd sú, er sett var í neðri deild alþingis, hefir bent á,  
 sjeu svo vaxnir, að þeir yrðu leiðrjettir með einstökum takmörkuðum breytingum á reglu-  
 gjörð þeirri, sem nú gildir, ef reynsla, sem enn er ófengin, sannaði, að þeir væru til. Ráð-  
 gjafinn verður einnig að sínu leyti að vera á þeirri skoðun, að ekki sje ástæða til nú  
 þegar, að gjöra almenna endurskoðun á skólareglugjörðinni, og að annmarkar þeir, sem  
 fyggreind nefnd hefir bent á, sjeu alls ekki svo þýðingarmiklir, að þeirra vegna sje ástæða  
 til að hafa svo mikið fyrir, að setja niður 8 eða 9 manna nefnd til að rannsaka þetta  
 mál. Þar eð samt sem áður hin umrædda nefnd hefir tekið fram einstök og ákveðin at-  
 riði í reglugjörðinni, þar sem breytinga er beiðt á, álitur ráðgjafinn rjettast, að rektor  
 skólans sje gefið tækifæri til að láta í ljósi skoðun sína þar að lútandi, sem þó ætti lík-  
 lega ekki að vera fyrri, en hið yfirstandandi skólaár er á enda, og er ætlað til, að hann,  
 áður en hann lætur í ljósi álit sitt, ræði málið með kennurum skólans, vil jeg því hjer  
 með skora á herra landshöfðingjann, að gjöra þær þóknanlegar ráðstafanir, sem í þessu  
 tilliti eru nauðsynlegar.

**188** 7. nóv. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um byggingu á alþingis*  
 ishúsi. — Í 4. gr. 1. frumvarps þess til fjárlaga fyrir 1880 og 1881, sem alþingi hefir  
 samþykkt, var landsstjórninni veitt heimild til þess á fjárhagstímabilinu að verja af inn-  
 ritunarskírteinaupphæð viðlagasjóðsins 100,000 kr. til byggingar á húsi fyrir alþingi og söfn  
 landsins, og senduð þjer þar eptir, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi frá 2. sept. þ.  
 á. hingað þingsályktun um mál þetta, samþykkt í báðum deildum alþingis, og getið þjer  
 þess um leið að uppdráttur sá til slíks húss, sem Klentz trjesmiður hefir gjört, og ráð-  
 gjafinn með brjefi 26. maí þ. á. sent yður, hafi bæði virzt yður og þeim alþingismönnum, er  
 færi hafi gefið á að kynna sjer uppdráttinn, ónægjandi, og hafið þjer því lagt það til, að  
 yður verði falið á hendur að velja hússtöðið, og ef til þess kemur, að ákveða skilmála  
 fyrir afhendingu hússtöðisins, að gjöra út um það eptir hverri fyrirmynd eigi að byggja,  
 og loks að sjá fyrir hinu nauðsynlega, að því er útvegun efnisins, framkvæmd sjálfs verks-  
 ins og umsjón með því snertir.

Sökum þessa og eptir að fjárlögin um árin 1880 og 1881 hafa komið út hinn 24.  
 f. m., er yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að tillögur yðar, þær er að  
 ofan segir, eru samþykktar, þannig að þjer, þegar kemur til framkvæmdar þess valds, sem  
 yður er veitt, hafið í ráðum með yður þá menn, sem fyrnefnt brjef yðar bendir á, og eru  
 Bergur amtmaður Thorberg, Árni landfógeti Thorsteinsson, dr. phil. Grímur Thomsen,  
 Þórarinn prófastur Böðvarsson og Tryggvi kaupmaður Gunnarsson.